# Kennsluáætlun í íslensku 7. bekkur — vorönn 2025

Kennari: Svanborg Eygló Óskarsdóttir

**Markmið:**
- Að efla lestrarfærni, lesskilning og bókmenntagreiningu.
- Að þróa ritfærni nemenda í mismunandi textategundum.
- Að auka orðaforða, málfræðiþekkingu og beitingu hennar í rituðu og töluðu máli.
- Að kynna íslenskar bókmenntir, bæði arfleifð og samtímaverk.

**Lykil hæfniviðmið:**
- Nemendur geta lesið og greint mismunandi tegundir texta með tilliti til innihalds og formgerðar.
- Nemendur geta tjáð sig á skýran og skipulegan hátt í ræðu og rituðu máli.
- Nemendur geta greint helstu einkenni í íslenskri málfræði og beitt henni rétt.
- Nemendur geta nýtt sér bókmenntaleg hugtök til að ræða um texta og tjá skoðanir sínar.

**Námsefni:**

Málið í Mark, vinnubók og vefur, Málrækt 3, Smellur 3 og Orðspor 3 og stafsetningarkennslubók. Ýmis viðbótarverkefni frá kennara aðlöguð að hópnum eða einstaklingum, vefsíður eins og www.skolavefurinn.is

**Námsmat:**

- Áætlanir og heimanám: skil og frágangur 20%
- Kannanir/próf: mat á hversu vel nemandi hefur náð að tileinka sér hæfniviðmið annarinnar: 60%
- Kennaraeinkunn: samskipti í tímum, virkni í verkefnavinnu og umræðum 20%

**Heimanám:**

Heimalestur er alla virka daga þar sem lesa á minnst upphátt í 10 mínútur og foreldri á að kvitta fyrir í heimalestrarhefti. Heimanám er breytilegt eftir hvað er verið að fást við hverju sinni og þörf á. Nemendur fá að vita hvað þarf að gera í heimanámi vikuna á undan hvort sem eftir er að ljúka verkefni í vinnubók eða verkefni er afhent af kennara. Upplýsingar þar um eru líka sendar í vikulega tölvupóstinum til foreldra og skráð á www.namfus.is undir verkefni á forsíðu.

# Kennsluáætlun í íslensku 7. bekkur — vorönn 2025

| Tímabil | Helstu hæfniviðmið | Verkefni og viðfang | Námsefni | Hæfnimat og uppbrot |
|---|---|---|---|---|
| Febrúar | Eru að: Efla lesfimi og njóta lesturs<br>Þátttaka í samlestri leikrits fyrir árshátíð<br>Ná leikni í orðflokkagreiningu fallorða og sagnorða<br>Geta fundið andheiti og samheiti<br>Þjálfa frekar algengustu bókmenntahugtökin s.s aðalpersóna, aukapersóna , söguþráður/atburðarás, sögusvið/umhverfi, ytri og innri tími og boðskapur<br>Geta rætt um sögu og dregið saman<br>meginefni<br>Geta svarað spurningum úr lesnum texta<br>Áframhaldandi þjálfun framsagnar á bundnu og óbundnu máli.<br>Þjálfun ritunar<br>Þjálfast í að gera skýran mun á litlum og<br>stórum stöfum og hvenær rita skal 1 n og hvenær 2 | Lestur Skilaboðaskjóð-unnar—æfingar hefjast<br>Lýsingarorð<br>Stigbreyting<br>Nafnorð<br>Fallbeyging<br>Samheiti/andheiti<br>Bókmenntahugtök<br>Yndislestur/Upplestur<br>Lesskilningur/ hlustunarskilningur<br>Stafsetningaræfingar | Sögubækur að vali nemenda<br>Skilaboðaskjóðan<br>Orðspor 3— Lesbók bls. 5—17<br>Málrækt bl. 52— 60<br>Stafsetningabók—valdar æfingar 23. 25. og 32.<br>Efni frá kennara<br>Hópavinna<br>Paravinna<br>Einstaklingsvinna<br>Leikir | Könnun úr hæfniviðmiðum<br>6. febrúar—skipulagsdagur<br>7. febrúar— foreldradagur<br>10. febrúar—Annarleyfi |
| | | | | |

# Kennsluáætlun í íslensku 7. bekkur — vorönn 2025

| Tíma- | Helstu hæfniviðmið | Verkefni og viðfang | Námsefni | Hæfnimat og uppbrot |
|---|---|---|---|---|
| Mars | Eru að: Efla lesfimi og njóta lesturs<br>Að geta unnið í samvinnu—árshátíð miðstigs<br>Kunna skil á algengustu bókmenntahugtökunum, eins og sögupersóna, aðalpersóna/aukapersóna, söguþráður/atburðarás, sögusvið/umhverfi, innri og ytri tími og boðskapur<br>Geta rætt sögu og dregið saman meginefni hennar<br>Geta svarað spurningum úr lesnum texta<br>Þekkja mismunandi textagerðir<br>Ná góðri framsögn—Upplestrarkeppnin<br>Þekkja persónufornöfnin—et. og ft. og geta fallbeygt þau.<br>Kunna: ég hlakka til, ég kvíði fyrir, mig vantar, mig langar, mig grunar, mig svíður, mig dreymir, mig syfjar, mig skortir, mig hryllir<br>Hafa algeng orðtök og málshætti á valdi sínu<br>Þjálfa ritun mismunandi texta— upphaf, meginmál, niðurlag<br>Ná tökum á helstu stafsetningareglum | Lestur ýmissa bóka að eigin vali<br>Leikmyndagerð, leikbúningar, textanám, hlutverkaleikur og framsögn<br>Bókmenntahugtök<br>Mismunandi textar<br>Lesskilningur/ hlustunarskilningur<br>Frumsaminn texti<br>Stafsetningaæfingar<br>Persónufornöfnin—1. 2. og 3. persóna.<br>Setja saman so og pfn.<br>Sagnorð sem taka með sér fallorð í nf eða þf.<br>Æfing orðtaka og málshátta | Sögubækur að vali nemenda<br>Skilaboðaskjóðan—leikrit<br>Málrækt bls. 61 —77<br>Orðspor 3—lesbók bls. 18—19, 20—23 og 34—35<br>Orðspor 3—vinnubók, bls. 18, 19, 24,25, 26 og 27<br>Smellur 3 bls. 4—19<br>Valdar æfingar í staf-setningabók<br>Efni frá kennara<br>Hópavinna<br>Paravinna<br>Einstaklingsvinna<br>Leikir | 3. mars – bolludagur<br>4. mars – sprengidagur<br>5. mars – öskudagur<br><br>20. mars—árshátíð miðstigs—<br>sýning á leikritinu Skilaboða—skjóðan |
| | | | | |

# Kennsluáætlun í íslensku 7. bekkur — vorönn 2025

| Tímabil | Helstu hæfniviðmið | Verkefni og viðfang | Námsefni | Hæfnimat og uppbrot |
|---|---|---|---|---|
| Apríl | Eru að: Efla lesfimi og njóta lesturs<br>Þjálfa algengar skammstafanir í texta<br>Þekkja og geta greint fallorðin: fornöfn og töluorð<br>Kunna að finna stofn orða (no, lo, so)<br>Þjálfa framsögn, stoppa við punkta og kommur, líta upp og lesa með blæbrigðum—bundið og óbundið mál<br>Þjálfa lestur mismunandi texta<br>Finna rím, höfuðstafi og stuðla í ljóði—semja ferskeytlu<br>Þjálfa ritun—upphaf, meginmál, niðurlag<br>Kunni og geti beitt helstu stafsetningareglum | Orðflokkagreining<br>Skammstafanir<br>Fornöfn og töluorð<br>Stóra upp-lestrarkeppnin/framsögn bundið og óbundið mál æft<br>Raddlestur ýmiss texta æfður<br>Ritun frumsamins<br>texta<br>Stafsetningaæfingar | Sögubækur að vali nemenda<br>Verkefni á skólavefnum<br>Málið í Mark—vefur á mms<br>Málrækt bls. 78—97<br>Orðspor 3—lesbók bls. 36—67<br>Orðspor 3—vinnubók bls. 28—42<br>Smellur 3 bls. 20—26<br>Stafsetningabók<br>Efni frá kennara<br>Hópavinna<br>Paravinna<br>Einstaklingsvinna | 13. apríl—pálmasunnudagur<br>17. apríl – skírdagur<br>18. apríl – föstudagurinn langi<br>20. apríl – páskadagur<br>21. apríl – annar í páskum<br>24. apríl – sumardagurinn fyrsti<br>25. apríl – annarleyfi<br>28.-30. apríl — þemadagar |
| | | | | |

# Kennsluáætlun í íslensku 7. bekkur — vorönn 2025

| Tíma- | Helstu hæfniviðmið | Verkefni og viðfang | Námsefni | Hæfnimat og uppbrot |
|---|---|---|---|---|
| Maí | Eru að: Efla lesfimi og njóta lesturs<br>Upprifjun á verkefnum vetrarins<br>Lúkning á verkefnum sem er enn ólokið<br>Undirbúningur fyrir námsmat | Málfræði/ orðflokkagreining — nafnorða, lýsingarorða, fornnafna, töluorða og sagnorða<br>Skammstafanir<br>Andheiti/samheiti<br>Orðtök/málshættir<br>Bókmenntahugtök<br>Ritun/lestur mismunandi texta<br>Stafsetningareglur | Sögubækur að vali nemenda<br>Verkefni á skólavefnum<br>Málið í Mark—vefur á mms<br>Orðspor 3—Lesbók og vinnubók<br>Smellur 3<br>Málrækt<br>Stafsetningabók<br>Efni frá kennara<br>Hópavinna<br>Paravinna<br>Einstaklingsvinna | Lesfimipróf af mms.is<br>Námsmat—málfræði og mál - notkun, ritun, stafsetning, lesskilningur<br>1. maí—frídagur verkamanna<br>22. maí – Skipulagsdagur<br>23. maí – Skólaslit |
| | | | | |